

Jökларannsóknafélag Íslands

Skýrsla stjórnar Jörfi á aðalfundi 28. febrúar 1995.

SKIPAN STJÓRNAR OG NEFNDA

Síðasti aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands var haldinn 22. febrúar 1994. Fundarstjóri var Hjálmar R. Bárðarson og Guttormur Sigbjarnarson ritari. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund, 7. mars, skipti stjórn með sér verkum og dregið var um röð manna í vara-stjórn. Stjórnin var þannig skipuð:

Aðalstjórn:

Helgi Björnsson formaður,
kosinn 1992 til þriggja ára.
Einar Gunnlaugsson varaformaður,
kosinn 1993 til tveggja ára
Oddur Sigurðsson ritari,
kosinn 1993 til tveggja ára.
Jón E. Ísdal gjaldkeri,
kosinn 1994 til tveggja ára.
Stefán Bjarnason meðstjórnandi,
kosinn 1994 til tveggja ára.

Varastjórn:

Hannes H. Haraldsson 1. varamaður,
kosinn 1994 til tveggja ára.
Alexander Ingimarsson 2. varamaður,
kosinn 1993 til tveggja ára.
Ástvaldur Guðmundsson 3. varamaður,
kosinn 1993 til tveggja ára.
Jón Sveinsson 4. varamaður,
kosinn 1994 til tveggja ára.

Valnefnd skipuðu Sigurjón Rist kosinn 1993 til þriggja ára, Gunnar Guðmundsson, kosinn 1992 til þriggja ára og Sveinbjörn Björnsson kosinn 1994 til þriggja ára.

Oddur Sigurðsson, ritari félagsins, hafði umsjón með fundagerðum og fréttabréfi, en Einar Gunnlaugsson sá um félagaskrá, dreifingu Jökuls innanlands og

utan, gíróseðla og samstarf um slík mál við gjaldkera.

Stjórn félagsins kaus formenn hinna ýmsu nefnda og völdu þeir sér nefndarmenn. Nefndir voru þannig skipaðar:

Rannsóknnefnd: Helgi Björnsson formaður og Jón Sveinsson, Raunvísindastofnun, Hannes H. Haraldsson, Landsvirkjun, Oddur Sigurðsson, Orkustofnun og Magnús Már Magnússon, Veðurstofu.

Ritnefnd: Helgi Björnsson og Bryndís Brandsdóttir tilnefnd af Jörfi og Leó Kristjánsson, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson tilnefndir af Jarðfræðafélagi. Á árinu lét Leó af störfum og Áslaug Geirsdóttir tók við sem ritstjóri.

Skálanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón E. Ísdal og Sverrir Hilmarrson.

Bílanefnd: Halldór Gíslason yngri formaður, Árni Páll Árnason, Garðar Briem, Hafliði Bárður Harðarson og Þorsteinn Jónsson.

Ferðanefnd: Ástvaldur Guðmundsson formaður, Árni Páll Árnason, Hannes H. Haraldsson og Soffía Vernharðsdóttir.

Bílanefnd sá að þessu sinni um störf skemmtinefndar. *Endurskoðendur* félagsins voru Elías B. Elíasson og Árni Kjartansson.

Hinn 26. janúar 1995 voru félagar skráðir 528, 14 heiðursfélagar, 423 almennir félagar, 9 fjölskyldufélagar, 47 stofnanir og 35 bréfafélagar. Auk þess fengu 7 fjölmiðlar sendann Jökul og fréttabréfið. Erlendir áskrifendur voru 70.

FJÁRVEITING

Fram að árinu 1992 fékk Jökларannsóknafélag Íslands styrk af fjárlögum til útgáfu tímaritsins Jökuls og til rannsókna af fjárlagaliðnum „Vísindaleg starfsemi, styrkir. Vísinda- og fræðistörf“. Á árinu 1992 nam þessi styrkur 450 000 kr. samkvæmt ákvörðun Fjárlaganefndar. Síðan tók Menntamálaráðuneytið

sjálft að ákveða styrkveitingar til félagsins. Þær urðu engar árið 1993 en 400 000 kr. árið 1994 eftir sífelldan eftirrekstur og vonaði ég að það sýndi skilning þeirra á starfi félagsins, m. a. mikilvægi þess að Jökull kæmi út. En nú hefur ráðuneytið tilkynnt félaginu, án eftirrekstrar í ársbyrjun, að á árinu 1995 verði styrkurinn 150 000 kr, svo að vissulega hefur það ekki gleymt okkur. Nú er orðið ljóst hver stefnan þess er en meðan Fjárlaganefnd ákvað framlag til félagsins voru hins vegar alltaf í henni nægilega margir þingmenn sem höfðu metnað til þess að styðja útgáfu Jökuls.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir á vegum félagsins s.l. ár beindust eins og undanfarin ár að Grímsvötnum og mælingum á jöklabreytingum.

Árleg rannsóknferð Jöklarannsóknafélagsins var farin til Grímsvatna dagana 16.- 22. júní 1994. Helstu verkefni voru flutningur nýs geymslu- og snyrtihúss upp á Grímsfjall auk rannsókna. Þátttakendur voru 34. Fararstjórar voru Jón E. Ísdal og Magnús Tumi Guðmundsson. Þessi Grímsvatnaleiðangur var með mesta móti vegna flutninga á húsi til Grímsfjalls. Snjóbílar í ferðinni voru frá Landsvirkjun, Hjálpar sveit skáta í Reykjavík, Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík og JÖRFI. Þá lögðu Gunnar Guðmundsson, hjálpar sveitirnar báðar og Landsvirkjun til vörubíla og Heimir Lárusson stóran bílkranu til þess að koma skálanum á flutningabíl. Allt var þetta án gjaldtöku og þakkar stjórnin þann stuðning. Unnið var að eftirtöldum verkefnum:

1. Hæð vatnsborðs Grímsvatna var mæld í vök undir Vestari Svíahnúk. Hinn 20. júní s.l. mældist hún 1425 m y.s., sem var um 15 m hærra en á sama tíma árið áður.
2. Vetrarafkoma var mæld á miðri íshellunni og reyndist 5.08 m (af snjó), vatnsjafngildi 2875 mm, sem er nokkru yfir meðallagi s. l. 40 ár. Auk þess var unnið að því að greina öskulög með íssjá til þess að þróa aðferð til þess að meta afkomu jökla frá því þekkt öskulög féllu.
3. Unnið var að athugunum á hægfara breytingum stærð og rúmtaki Grímsvatna. Undanfarna þrjá áratugi hefur bæði þrengt að Vötnunum

og íshellan þykknað svo að rúmtak þeirra hefur minnkað og þar með vatnsmagn í Grímsvatnahlaupum. Þykkt íshellunnar og hvar hún fer á flot var kannað með íssjarmælingum og landmælt var 4 km langt snið norðaustur úr Vötnunum til þess að fá mat á ísskrið inn að þeim.

5. Unnið var að þyngdarmælingum á Bárðarbungu, sem er ein mesta askja landsins, til þess að kanna innri gerð eldstöðvarinnar undir jökli.
6. Unnið var að afkomumælingum á Hvannadalshnúk og reyndist ársafkoma um 7500 mm af vatni. Er það annað árið í röð sem úrkoma mælist svo mikil á Örafajökli og er úrkoma hvergi meiri hér á landi.
7. Unnið var að viðhaldi og endurbótum á sjálfvirku mælistöðinni á Grímsfjalli.
8. Sett var upp sjálfvirk veðurstöð Landsvirkjunar á Brúarjökul í 1200 m hæð á miðjum jöklinum. Þar stóð hún um sumarið og mældi loft hita, rakastig, vindhraða og snjóbráðnun. Þar er um að ræða rannsóknir á tengslum veðurs og jökulleysingar.
9. Mælt var ísskrið í mælistikum á vestanverðum Vatnajökli, sem settar hafa verið upp af Landsvirkjun og Raunvísindastofnun til rannsókna á framhlaupum jökla.

Mælingar á jökulsporðum

Mælingar á stöðu jökulsporða voru með svipuðu sniði og áður undir stjórn Odds Sigurðssonar. Á árinu unnu félagar að mælingum á jöklabreytingum með því að mæla hop og framskrið á um 45 jökulsporðum víðsvegar um land. Sú vinna er ólaunað sjálfböðastarf, en félagið greiðir styrk vegna eldsneytiskostnaðar.

Könnun á afkomu og hreyfingu á Vatnajökli

Á árinu unnu félagar á Raunvísindastofnun og Landsvirkjun áfram að mælingum á afkomu og hreyfingu á Síðujökli, Tungnaárjökli, Dyngjujökli, Brúarjökli auk Grímsvatnasvæðisins. Afkoma var mæld með borunum og hreyfing með GPS-tækjum. Af niðurstöðum má nefna að Brúarjökull og Dyngjujökull hreyfast svo hægt að á jökulárinu 1993-94 báru þeir aðeins fram um 20-30 % af þeim ís sem á þá

safnaðist og því er ljóst að þeir stefna í framhlaup. Árið áður fluttu þeir eingöngu um 7% af afkomunni.

Tungnaárjökull hleypur nú fram af miklum krafti og er sporður hans nú kominn um 940 m frá því hann tók á rás s. l. haust. Síðastliðið sumar varð vart við miklar breytingar á sporðinum. Kollar ýttust upp ofan við fell og mælingar á skriðhraða inni á jöklinum sýndu sífellt aukinn hraða. Úr flugvélum sást að talsverður hluti ákomsvæðis jökulsins (sem er ofan við 1100 m) var sprunginn í september og í október hófst framskið á einum stað, um 1 km norðan Nýjafellslínu. Síðan hafa starfsmenn Landsvirkjunar og Raunvísindastofnunar mælt framskiðið á þremur stikulínunum í Tungnaárbotnum með 2-3 vikna millibili. Framskrið á Nýjafellslínunni hófst um mánaðarmótin okt. nóv. og um miðjan nóvember voru tvö fell við sporðinn, sitt hvoru megin við Nýjafellslínu, komin á kaf og miklir sprungkollar yfir þeim. Skriðhraðinn var að jafnaði um 10 m á dag undir lok síðasta árs, en var orðinn um 6 m/dag í janúar og var um 5m/dag í byrjun febrúar. Nú í lok febrúar er hraðinn orðinn um 4m/dag, en miklir dynkir eru í jöklinum og titringur kemur fram á jarðskjálftamæli, sem er í Bláfjöllum um 5 km frá jökli. Nokkuð var misjafnt hvenær hinir ýmsu hlutar sporðsins fóru af stað og um 1 km langur kafli við vaðið á Tungnaá við jökul var ekki farinn að skríða fram um miðjan desember og enn er syðsti hlutinn kyrr þótt hann verði stöðugt brattari og sprungukollar séu teknir að skjótast upp í tungunni. Ofan við Langa-sjó er jökullinn enn kyrr, en sunnan við hann hefur Skaftárjökull hins vegar ruðst fram. Varla er þess langt að bíða að allur jökullinn hlaupi fram á þessu svæði, allt að Síðujökli, sem hljóp á síðasta ári. Athyglisvert er að Tungnaárjökull sígur mun hægar fram en Síðujökull, sem náði hámarkshraða við sporð um 100 m/dag. Vatn hefur seytnað frá jöklinum allt frá því framskið hófst, mjög gruggugt. Sylgjujökull er hins vegar kyrr, enfst á honum eru töluverðar sprungur.

Afkoma Hofsjökuls.

Félagar á Orkustofnun unnu að mælingum á afkomu Hofsjökuls með svipuðu sniði og nokkur undanfarin ár.

Íssjarmælingar.

Vorið 1994 lauk íssjarmælingum á Skeiðarárjökli sem hófust árið áður í samvinnu Vegagerðar og Raunvísindastofnunar. Er nú lokið mælingum á öllum Vatnajökli nema skriðjökulnum sem falla austur frá Breiðubungu. Auk þess þarf að mæla Örafajökul betur en gert hefur verið.

FUNDIR

Að loknum aðalfundarstörfum 22. febrúar sögðu Magnús Tumi Guðmundsson og Óskar Knudsen frá framhlaupi Síðujökuls. Á vorkundi 26. apríl sagði Helgi Björnsson frá niðurstöðum íssjarmælinga á Mýrdalsjökli og Oddur Sigurðsson sýndi myndir af framhlaupi Síðujökuls.

Á haustfundi 25. október flutti Sigfús Johnsen erindi um rannsóknir á nýjasta ískjarnanum frá Grænlandsjökli og óstöðugleika síðasta hlýskeiðs og Ástvaldur Guðmundsson sýndi ýmsar gamlar og nýjar myndir frá jöklaferðum. Á haustfundinum flutti Helgi Björnsson minningarorð um Sigurjón Rist, fyrrum formann félagsins, sem lést 15. október s. l.

ÚTGÁFA JÖKULS

Ritstjórar voru Helgi Björnsson, Leó Kristjánsson og Bryndís Brandsdóttir. Nú hefur Áslaug Geirsdóttir tekið við störfum Leós og þökkum við honum feykilegan dugnað við ritstjórástörfin um árabíl. Ekki tókst að koma 43. árgangi út á árinu en hann bíður nú nær fullbúinn þess að fara í prentsmiðju.

Til þess að koma skriði á útgáfu Jökuls hefur nú verið ákveðið að tilnefna nokkra ritstjóra að einstökum heftum, sem fjalla um valin efni. Þannig safna ritstjórar efni hver í sitt hefti og afhenda útgáfustjórum umbrotshæfu handriti. Ritnefnd, skipuð 6-10 mönnum á mismunandi starfssviðum, mun aðstoða ritstjóra við yfirlestur greina. Ákveðið hefur verið að Freyr Þórarinnsson ritstýri hefti um jarðskorpu Íslands, Tómas Jóhannesson um jöklabreytingar og Bryndís Brandsdóttir um Kötlu. Um helmingur hvers heftis flytur hins vegar aðsent efni án þess að það tengist meginefni heftisins.

FRÉTTABRÉF

Oddur Sigurðsson, ritari félagsins, annaðist útgáfu Fréttabréfsins og kom það reglulega út.

SKÁLAMÁL

Skálanefnd vann að því stórvirki að smíða hús og koma því upp á Grímsfjall. Í þessu húsi er nú komið langþráð salerni, auk gufubaðs, geymslu og afdrepis til viðgerða á tækjum. Fjölmargir aðilar styrktu smíði hússins og hefur stjórn félagsins sent þeim skrautritað þakkarskjal. Skálarnir í Jökulheimum, Kirkjubóli, Kverkfjöllum, Goðahnúkum og Esjufjöllum eru í mjög góðu lagi. Borið var á skálann á Goðahnúkum.

Húsnæðismál félagsins í Reykjavík eru nú í sama lagi og fyrr í húsi Ferðafélags Íslands. Þar leigjum við fundarherbergi á efstu hæð og geymslu í kjallara þar eru birgðir okkar af Jökli og ýmis gömul skjöl félagsins. Auk þess höfum við aðgang að 60 manna sal með eldhúsi í risi hússins. Alexander Ingimarsson er fulltrúi félagsins í húsnefnd og eru félagar sem hafa áhuga á að nýta sér húsnæði þar hvattir til þess að hafa samband við hann. Samningur okkar við Ferðafélagið rann úr í árslok 1994, en hefur verið endurnýjaður.

BÍLAMÁL OG FARARTÆKI

Síðastliðið vor keypti félagið af Ríkiskaupum sex manna snjóbíll, Canadair Flextrac CF 20 árgærd 1975. Um er að ræða bíl sem oft fékkst í ferðir félagsins á árunum 1975 til 1985, Jaka Landsvirkjunar.

HAUSTFERÐ

Haustferðin í Jökulheima var farin 9.-11. september og tókst hún einstaklega vel. Farið var að sporði Tungnaárjökuls og m. a. skoðaður íshellir (450 m langur og allt að 2,3 m hár) sem myndast hafði í gömlu útfalli Tungnaár. Alls fóru 27 í ferðina. Fararstjóri var Alexander Ingimarsson.

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð var haldin laugardag 12. nóvember og tókst hún mjög vel. Samkoman hófst í Mörkinni 6 og síðan í sal Flugleiða í Síðumúla. Að þessu sinni sá bílanefnd félagsins um þessa hátíð og stjórnin þakkar öllum þeim sem unnu að undirbúningi mjög vel unnin störf.

GJÖRFI

Skíðagöngufélagar í GJÖRFI fóru sínar venjulegu heilsubóttagönguferðir frá Nesti í Ártúnsbrekku.

FYRIRHUGAÐAR RANNSÓKNIR

Það er venja í lok þessarar skýrslu að drepa á rannsóknaverkefni sem framundan eru. Það verður þó með styttra móti nú. Vegna framhlaups Tungaárjökuls er enn nokkur óvissa um hvernig rannsóknum á Grímsvötnum verður háttað í vor. Úr því mun ráðið á næstu vikum. Þá vil ég nefna að nokkuð hefur verið rætt í stjórninni að Langjökull er nú einn eftir af stóru jöklunum og vel færi á því að félagið aðstoðaði við mælingar á honum, ef ekki reynist unnt að fá opinbera aðila til þess að kosta verkið með svipuðu sniði og á öðrum meginjöklum landsins. Enn hafa engar ákvarðanir verið teknar um mælingar á jöklunum.

Þá vil ég minna á að 20. ágúst á þessu ári hefst hér alþjóðlega ráðstefnu um rof jökla, sem er tileinkuð Jóni Eyþórssyni, stofnanda og fyrsta formanns þessa félags. Ráðstefnan er haldin hér á landi í tilefni af því að 100 ár eru frá fæðingu Jóns.

Helgi Björnsson